

Fundargerð

5. fundur stjórnar fiskeldissjóðs

18. maí 2021

Fundarstaður: Fjarfundinn á teams

Fundarmenn: Haraldur Líndal Haraldsson, Álfheiður Ingadóttir, Kjartan Dige Baldursson og Kolbeinn Árnason.

Fundartími: 10.00- 12.00.

1. Fundargerð síðasta fundar 27. apríl 2021.

Frestað.

2. Þóknun til stjórnar. Niðurstaða af skoðun starfsmanna ráðuneytis.

ANR fór yfir starfsreglur sem gilda um greiðslu þóknunar fyrir störf í stjórnnum. Stjórnarmönnum ber að halda utan um tímafjölda og senda formanni. Greitt er á grundvelli nefndareininga. Rætt hvort formaður eigi að fá 1,5 nefndareiningu fyrir hverja unna klukkustund og var ANR falið að kanna það.

3. Minnisblað frá sveitarfélögum. Sjá fylgiskal 1.

Lagt fram minnisblað um Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga: „Áherslur til stjórnar Fiskeldissjóðs“ dags. 7. maí sl.

4. Starfsreglur stjórnar Fiskeldissjóðs.

Farið yfir uppfærð drög að starfsreglum. Stjórnarmenn munu fara yfir drögin og gera nauðsynlegar athugasemdir fyrir næsta fund.

5. Úthlutunarreglur Fiskeldissjóðs

Farið yfir ppt. sem útbúið var af ANR auk excel skjals með matrixu sem Kjartan útbjó. Einnig var farið yfir fyrirmyndir frá öðrum sjóðum sem úthluta styrkjum til framkvæmda.

6. Önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið. Kolbeinn Árnason ritaði fundargerð.

Fylgiskjal 1.



Minnisblað

Móttakandi: Samtök sjávarútvegssveitarfélaga

Dags.: 7. maí 2021

Sendandi: Guðjón Bragason

Málsnr.: 2104005SA

Málalykill: 00.64

Efni: Áherslur til stjórnar Fiskeldissjóðs

Áherslur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga gagnvart Fiskeldissjóði

- uppfærð drög eftir fund með stjórn sjóðsins

Eftirfarandi samantekt er byggð á því sem rætt var á óformlegum undirbúningsfundi og síðan samtali við stjórn Fiskeldissjóðs sem fram fór 15. apríl 2021.

Tilfni er til að áréttta þann almenna fyrirvara á málinu að fara hefði mátt einfaldari leiðir til að koma fjármunum til sveitarfélaga en að stofna Fiskeldissjóð. En niðurstaða löggjafans var að stofna sjóðinn og leggja sveitarfélögin áherslu á að eiga við hann góð og málefnaleg samskipti.

- Sveitarfélögin leggja áherslu á að reglur Fiskeldissjóðs verði einfaldar og svo skýrar að niðurstaða ráðist ekki af færni umsækjenda við gerð umsókna.
- Skýr rammi sé settur fyrirfram um hvers konar verkefni séu styrkhæf. Nefna má dæmi sem snúa að fræðslumálum, skipulagsmálum, uppbyggingu húsnæðis (t.d. stofnframlög til almennra íbúða), atvinnuþróun o.s.fr.

- Á meðal annarra verkefna sem gætu verið styrkhæf má nefna stuðning við menningu og menningarstarfsemi. Öflugt menningarstarf og menningarstofnanir er mikilvægur þáttur til að skapa jákvæðan samfélagsanda í sveitarfélögum í örum vexti. Menningarstarf skapar m.a. tækifæri í innflytjendamálum og við uppbyggingu skapandi greina.
- Það þarf að vera skýrt að verkefni sem eru á forræði ríkisins séu ekki á verkefnasviði Fiskeldissjóðs. Dæmi m.a. hafnarmannvirki og ofanflóðavarnir, sem ríkið fjármagnar nú þegar að stórum hluta úr öðrum sjóðum.
- Að áliti sveitarfélaganna eru ekki forsendur til þess í upphafi starfsemi Fiskeldissjóðs að tína til sérstök áhersluverkefni en slíkt væri mögulega hægt að skoða síðar.

- Markmiðið verði að sjóðurinn hafi skýrt markmið um að styrkveitingar nýtist sem best til að fjármagna verkefni sem varða aðalsjóð sveitarfélaga. Hér er oft um að ræða verkefni sem ráðast þarf í á stuttum tíma og sjóðurinn getur, ef vel tekst til, reynst sveitarfélögunum góður bakhjarl og stuðlað að því að minnka áhættu sem fylgt getur hraðri uppbyggingu í þágu einnar atvinnugreinar
- Jafnframt þarf stjórn sjóðsins að vera meðvituð um að umfang starfsemi sveitarfélaganna getur verið mjög ólíkt en slíkur stærðarmunur má ekki vera ráðandi þáttur við úthlutun styrkja. Í sveitarfélögum sem glímt hafa við langvarandi fólksfækkun er ástand innviða almennt bágborið og þarf að horfa til þess að viðhald og endurnýjun innviða geti verið styrkhæf verkefni.
- Sveitarfélögin telja mjög óæskilegt að gerð verði krafa um mótframlag þegar styrkjum er úthlutað. Slík krafa gæti orðið mjög íþyngjandi fyrir minnstu sveitarfélögin. Reyndin geti samt sem áður oft orðið sú að styrkir nýtist aðeins til að fjármagna hluta þeirra verkefna sem sveitarfélögin þurfa að ráðast í.
- Sveitarfélögin telja mjög mikilvægt að styrkveitingar geti náð til verkefna sem taka lengri tíma en eitt ár. Sem dæmi má nefna skipulagsvinnu.
- Álitamál til lengri tíma kann að vera hvort Fiskeldissjóður komi að fjármögnun veituframkvæmda, sem almennt tilheyra B-hluta sveitarsjóða. Miðað við það fjármagn sem nú er til fjármögnunar og almennt umfang slíkra verkefna ættu veituframkvæmdir líklega ekki að vera í forgangi í upphafi.